

Ungbarnavænar sundlaugar



Tilraunaverkefni um ungbarnavænar sundlaugar hefst í Breiðholtslaug í mars, þar sem prófaðar verða leiðir til að bæta aðstöðu og upplifun yngstu sundlaugagestanna og fjölskyldna þeirra.

Um er að ræða tilraunavekefni hjá Reykjavíkurborg sem miðar að því að efla enn frekar fjölskylduvænt umhverfi í sundlaugum borgarinnar og tryggja að þjónustan þróist í takt við þarfir notenda. Tilraunaverkefnið er alla sunnudaga í innlauginni í Breiðholtslaug í marsmánuði.

Hiti hækkaður og ungbarnaleikföng aðgengileg

Í tilraunaverkefninu í Breiðholtslaug verður hiti innlaugar hækkaður í 35 gráður á sunnudögum, flot- og ungbarnaleikföng verða aðgengileg og sérstök áhersla lögð á rólegt og barnvænt umhverfi. Reynslan af verkefninu mun nýtast við áframhaldandi þróun ungbarnavænna lausna í sundlaugum borgarinnar.

Taktu þátt í könnun

Samhliða verkefninu verður á næstunni lögð fyrir [könnun í sundlaugum borgarinnar](#) þar sem gestir eru hvattir til að deila upplifun sinni af þjónustu og aðstöðu fyrir börn og barnafjölskyldur. Ef þú átt barn, ert forsjáraðili barns undir 3 ára aldri eða nákominn aðstandandi barns sem nýtir þjónustu sundlauganna, er þátttaka þín afar mikilvæg.

[Viðburður á Facebook](#)